

Nd.

174. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Á meðan vísitala kauplagnesnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skulu fjárhæðir þær, sem um getur í 2. og 3. tölulið, hækk-
aðar sem nemur meðalframfærslukostnaði á skattárinu samkvæmt vísitölu kaup-
lagnesnefndar.

2. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er
formaður skattanefndar einnig formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti
í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvember-
mánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kys bæjarstjórn á sama hátt og til
sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann nefndarinnar.
Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í
nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjar-
stjórna. Skykt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og
hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskykt er þó
sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við
endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal
skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar
upplýsingar sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni,
vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvizku-
semi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og koma ákvæði 1. gr. þegar til framkvæmda
við innheimtu útsvara, álagðra á árinu 1942.